

## VERKEFNI

### RÉTTINDI Í DAGLEGU LÍFI

Í verkefninu læra nemendur að greina réttindi sín og hvernig þau eru hluti daglegs lífs.

#### MARKMIÐ

1. Að kveikja áhuga nemenda á mannréttindum með því að tengja þau við eigið líf.
2. Að nemendur geti greint hvernig mannréttindi eru hluti daglegs lífs og að sum þeirra tókum við jafnvel sem sjálfsögðum hlut.
3. Að nemendur fái þjálfun í að hlusta þegar aðrir tala sem og fái þjálfun í að tjá hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.
4. Að nemendur fái þjálfun í að draga ályktanir, beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.

#### LENGD

40-60 MÍNÚTUR

#### ALDUR

Allir aldurshópar

#### UNDIRBÚNINGUR

- Verkefnablað fyrir hvern nemanda ásamt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (sjá fylgiskjöl)
- Skrifffæri fyrir alla nemendur
- Nægt gólfrymi

## ÞETTA VERKEFNI ER Í TVEIMUR SKREFUM:

1. Finndu einhvern sem ... (25 mínútur)
2. Tengsl daglegs lífs og mannréttinda (25 mínútur)

### SKREF 1: FINNDU EINHVERN SEM ... (25 mínútur)

#### Allir (10 mínútur)

- Kennari dreifir verkefnablaði til nemenda, biður þá um að dreifa sér um rýmið og finna aðra nemendur sem geta svarað spurningum verkefnablaðsins.
- Nemendur þurfa að skrifa nafn svarenda á línur á verkefnablaðinu. Nemendur eiga að reyna að finna eins marga og þeir geta til að svara spurningunum (ekki einn nemanda sem svarar öllu) og biðja samnemendur sína um að útskýra svör sín.

#### Allir (15 mínútur)

- Þegar allir nemendur hafa klárað að fylla út verkefnablaðið mynda þeir hring í skólastofunni.
- Nemendur eru beðnir að deila svörum sínum af verkefnablaðinu. Funduð þið svarendur fyrir allar spurningarnar? Komu einhver svör á óvart? Voru svör annarra svipuð ykkar eigin?

### SKREF 2: TENGL MANNRÉTTINDA OG DAGLEGS LÍFS (30 mínútur)

#### Einstaklingsvinna (10 mínútur)

- Hver nemandi fær stytta útgáfu af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
- Næst eiga nemendur að finna tengingu á milli spurninga verkefnablaðsins og mannréttindayfirlýsingarinnar og skrifa númer greinarinnar á þar til gerða línu.

#### Allir (15 mínútur)

- Þegar nemendur hafa klárað að para saman spurningarnar af verkefnablaðið við greinar Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna mynda þeir aftur hring í skólastofunni og bera saman bækur sínar.

## Ígrundun (5 mínútur)

- Gott er að ljúka æfingunni með umræðu um tengsl mannréttinda og daglegs lífs. Gagnlegt er að ræða eftirfarandi spurningar við allan hópinn:
  1. Hvað lærðuð þið í þessari æfingu?
  2. Er eitthvað sem kom ykkur á óvart?
  3. Eru einhverjar spurningar tengdar mannréttindum sem vakna eftir að hafa unnið þessa æfingu og gaman væri að skoða betur?

## FYLGISKJÖL

### SKREF 1

Ljósritið og dreifið verkefnablaðinu hér að neðan til nemenda. Hægt er að breyta og bæta við spurningum til að aðlaga að nemendahópi.

### FINNDU EINHVERN SEM ...

<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>á vegabréf og hefur ferðast til útlanda</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____	<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>stundar íprótt eða spilar á hljóðfæri</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____
<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>hefur komið í bænahús gyðinga, kirkju, mosku eða annars konar bænahús</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____	<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>hefur gaman af því að leika sér</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____
<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>hefur komið í veg fyrir einelti</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____	<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>hefur farið á sjúkrahús vegna veikinda</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____
<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>hefur farið í brúðkaup</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____	<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>hefur verið ósammála einhverjum</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____
<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>hefur gaman af því að vera í skóla</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____	<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>getur nefnt íslenskan stjórnmalaflokk</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____
<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>hefur verið ásakaður um eða verið refsað fyrir eitthvað sem hann/hún/hán gerði ekki</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____	<ul style="list-style-type: none"><li>• <b>hefur tekið þátt í kröfugöngu eða mótmælum</b></li></ul> Nafn: _____  Grein Mannréttindayfirlýsingar SP: _____